

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2017, fimmtudaginn 9. febrúar, var haldinn 153. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Grandaskóla og hófst kl. 11.30. Viðstödd voru: Sverrir Bollason (S) sem stýrði fundi, Teitur Atlason, (S) Marta Guðjónsdóttir (D) og Raket Dögg Óskarsdóttir (B) áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn þau Sigbrúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á skólamálaum í Grandaskóla.
Örn Halldórsson skólastjóri tekur sæti á fundi undir þessum lið.
- Kl. 11.45 viku Sverrir Bollason af fundinum og Teitur Atlason tekur við fundarstjórn.
- Kl. 11.45 tekur Bjarni Þór Sigurðsson sæti á fundinum.
2. Fram fer umræða um Fjölmenningsarþing sem stefnt er á að verði haldið á næstu vikum.
3. Fram fer umræða um skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla.

Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Vesturbæjar telur að leita eigi leiða til að jafna nýtingu skólanna í hverfinu. Flytja mætti mörk skólahverfis Grandaskóla að Hofsvallagötu til langframa. Slík skipting er nokkuð skýr og skiljanleg. Ákjósanlegt væri ef flutningur markanna færi fram með aðlögunartíma þar sem sá hluti skólahverfisins sem myndi flytjast milli skóla tilheyrði báðum skólum um nokkurt skeið, t.d. 3 vetur áður en mörkin færast í fast horf. Hverfisráðið áréttar þó að mikið þarf að gerast til að mæta aðstöðubörf allra skólanna í Vesturbænum, bæði innan- og utandyra og flutningur á skólahverfamörkum getur ekki talist nema einn þáttur af mörgum sem taka þarf á.

Fulltrúi Sjálfstæðismanna og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Brýnt er að sem fyrst eigi sér stað úrbætur á húsnæðismálum Melaskóla og frístundaheimilisins Selsins óháð fyrirhuguðum tilfærslum á skólahverfismörkum. Athygli er vakin á úttektum og erindum Foreldrafélags Melaskóla um málið.

Fundi slitið kl. 13.10

Teitur Atlason (sign)

Bjarni Þór Sigurðsson (sign)

Marta Guðjónsdóttir (sign)